

Starfsáætlun leikskólans Kópahvols 2020-2021

Inngangur

Hlutverk foreldraráðs Kópahvols er að styðja við starf leikskólans meðal annars með því að veita umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt.

Umsögn:

Starfsáætlun Kópahvols er skýr og metnaðarfull. Hún nær yfir alla starfsemi skólans allt frá markmiðum í kennslu yfir í samsetningu starfsmannahópsins. Nýverið var hafin vinna við innleiðingum á Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna sem byggja á fimmtán markmiðum. Kópahvoll er einn af fyrstu leikskólunum til þess að innleiða þessa stefnu og fer starfsáætlun yfir hvernig innleiða skuli hvert markmið. Lokið var við tveimur þróunarverkefnum árið 2020, Snemmtæk íhlutun og Þrír stafir, en ákveðið hefur verið að innleiða verkefnið inn í skólastarfs leikskólans um ókomna tíð. Samstarf við foreldra hefur verið og verður áfram í brennidepli þar sem áherslan er að á stuðla á jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskólans. Foreldrar eru hvattir til þess að taka þátt í leikskólastarfinu og eru haldin foreldrasamtöl einu sinni á ári. Einnig eru haldnir fundir með forráðamönnum, starfsfólki og öðrum fagaðilum þegar þörf er á. Starfsmannastefna Kópavhols byggir á að starfsmenn starfi sem ein heild. Þá eru starfsmannasamtöl árlega og móttaka nýrra starfsmanna vel undirbúin og markviss. Starfsmenn eru einnig hvattir til að sækja námskeið er varða leikskólastarfið. Starfsáætlun lýsir einnig starfshópnum vel og hvernig hann skiptist niður eftir menntunarstigum. Að lokum eru ítarlega farið yfir matstæki og aðferðir í skólastarfinu. Þá er markmiðið að meta einn námsþátt árlega og gerð umbótaráætlun í tengslum við hann fyrir næsta skólaár. Þar er komið inná hvernig börnunum, starfsmönnum og forráðarmönnum gefst tækifæri til þess að meta skólastarfið.

Lokaorð:

Foreldraráð Kópahvols telur starfsáætlun fyrir 2020-2021 vera virkilega vel unna. Hún tekur saman hvaða markmið voru á starfsárinu á undan, hvað mátti betur fara og hverja áherslurnar verða á nýju starfsári. Hún lýsir ítarlega hvaða leiðir verða farnar í að bæta starfið en einnig vinna áfram með eldri markmið. Foreldraráð hefur engar sérstakar athugasemdir um starfsáætlun Kópahvols fyrir 2020-2021.

Foreldraráð Kópahvols

Carmen Maja Valencia, Hilda Björk Jónasdóttir og Kristín Arna Ingólfssdóttir